

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 16 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 11.6.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@frn.is.

Í stöðuskýrslu sextándu er m.a. fjallað um þróun fjárhagsaðstoðar og ásókn í þann húsnæðisstuðning sem stendur leigjendum til boða hjá ríki og sveitarfélögum. Einnig er staðan tekin á þjónustu umboðsmanns skuldara og reynt að rýna í það hvort COVID-19 hafi hingað til haft áhrif á ásókn í endurhæfingarúræði og hvort ástandið hafi haft áhrif á nýgengi örorku.

Áhugavert í sextándu stöðuskýrslu

- Alls hafa verið skráð um **10.600 störf** og gerðir hafa verið um **3.100 ráðningarsamningar** í tengslum við átaksverkefnið *Heffjum störf* frá því það fór af stað um miðjan marsmánuð.
- Borist hafa um 7.714 umsóknir frá um **1.484 námsmönnum** vegna átaksins *Sumarstörf námsmanna*, sumarið 2021. Vinnumálastofnun fær upplýsingar um ráðningar í þessari viku en ljóst er að færri námsmenn hafa sótt um störf í áttakinu en gert var ráð fyrir.
- **Engin aukning** hefur orðið í umsóknum um fjárhagsaðstoð til framfærslu á milli aprílmánaða árána 2020 og 2021 skv. svörum sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða til uppbyggingarteymisins.
- Ef horft er til þeirra sem fengu húsnæðisbætur bæði árin 2019 og 2020 kemur í ljós að **71% viðtakenda** varð ekki fyrir tekjufalli á milli árána. Tekjufallið var mest í lægsta tekjuhópnum en þar urðu **33% fyrir tekjufalli** á milli árána.
- Viðtakendum sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélaga hefur **fjölgað um 19-30%** á milli árána 2020 og 2021 skv. svörum sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða.
- Almenn atvinnuleysi lækkaði um 1,3% á milli mánaðanna apríl og maí og er nú **9,1%**
- Spá **VIRK-starfsendurhæfingar** gerir ráð fyrir að eftirspurn eftir starfsendurhæfingu muni aukast á næstu mánuðum.

Sjá Ítarefni 1

- **Ekki er að merkja breytingu** í ásókn eftir þjónustu umboðsmanns skuldara skv. upplýsingum frá umboðsmanni skuldara og samanburði á árunum 2020 og 2021.

Sjá Ítarefni 2

Hefjum störf - Staðan

Nú þegar rúmlega þrjú mánuðir eru liðnir frá því átakið fór af stað hafa verið gerðir um **3.100 ráðningarsamningar** undir merkjum *Hefjum störf*.

Alls hafa verið skráð um **10.600 störf** undir merkjum átaksins frá því verkefnið fór af stað í marsmánuði.

Ríflega helmingur starfa í áttakinu er á höfuðborgarsvæðinu en þar hafa verið gerðir ríflega helmingur allra ráðningarsamninga eða 1.616 talsins. Af þeim 3.100 ráðningarsamningum sem gerðir hafa verið eru um **2.000 samningar tengdir hefðbundnum ráðningarstyrk** svo það er greinilegt að átakið hefur haft jákvæð áhrif á það vinnumarkaðsúrræði sem alltaf er í gildi og felur í sér styrk sem nemur upphæð grunnatvinnuleysisbóta auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð með hverjum atvinnuleitanda á mánuði.

Um 90% allra ráðninga í áttakinu eru til fyrirtækja og um 10% til opinberra aðila og félagasamtaka. Rúmlega 1.300 atvinnurekendur er á bak við þessar 3.100 ráðningar í áttakinu.

Hér má nálgast mælaborð Vinnumálastofnunar um Hefjum störf sem uppfært er daglega.

Sumarstörf námsmanna árið 2021 - Staðan

Opnað var fyrir umsóknir um sumarstörf námsmanna þriðjudaginn 11. maí á vef Vinnumálastofnunar.

Skilyrði fyrir þátttöku eru að námsmenn séu 18 ára á árinu eða eldri og hafi verið í námi á vorönn 2021 eða ætli í nám á n.k. haustönn.

Ekki liggur fyrir fjöldi ráðninga í gegnum átakið en alls fóru 2.500 störf til auglýsingar hjá opinberum stofnunum, sveitarfélögum og félagasamtökum. Borist hafa um 7.714 umsóknir frá um **1.484 námsmönnum**. Verið er að afla frekari upplýsingar um fjölda ráðninga en sveitarfélög hafa óskað eftir 721 viðbótarráðningarheimild. Sé horft til fjölda umsækjenda um störf er ljóst að færri námsmenn hafa sótt um störf í áttakinu en gert var ráð fyrir.

Þróun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga

Samræmdur spurningalisti var sendur til 33 sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða þann 31. maí sl. þar sem beðið var um tvenns konar upplýsingar. Annars vegar var beðið um samanburð á þróun fjárhagsaðstoðar til framfærslu fyrir aprílmánuð árin 2019, 2020 og 2021. Og hins vegar var beðið um upplýsingar um fjölda ungmenna á aldrinum 18-24 ára sem fengið hefði fjárhagsaðstoð til framfærslu frá sveitarfélaginu/félagsþjónustusvæðinu í apríl 2020 og 2021. Alls bárust svör frá 17 sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum, þar af fimm stærstu.

Skv. svörum sveitarfélaga hefur almennt ekki orðið aukning á viðtakendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu á milli áruna 2020 og 2021. Reykjanesbær sker sig reyndar úr en þar hefur orðið 24% fjölgun á milli ára (127 árið 2020 í 158 árið 2021). Í sumum tilfellum hefur orðið fækkun á milli ára en ef litið er til fimm stærstu sveitarfélaganna þá hefur viðtakendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu fækkað úr 1.798 árið 2020 í 1.745 árið 2021 (í apríl).

Þegar borin voru saman svör sveitarfélaga um það hvort fjölgun hefði orðið hjá ungum viðtakendum fjárhagsaðstoðar (18-24 ára) var svarið almennt að svo hefði ekki verið. Þó ber að nefna að í Kópavogi fjölgaði ungum viðtakendum um sex einstaklinga á milli aprílmánaða árin 2020 og 2021 og er það aukning um 25%. Í Hafnarfirði hafði hins vegar orðið fækkun á milli ára, úr 24 í 15.

Skv. upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa 446 einstaklingar fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta frá janúar og fram í apríl á þessu ári. Ljóst þykir að sá fjöldi hefur ekki leitt til aukinna umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélögum en sem komið er.

Þróun húsnæðisstuðnings

Húsnæðisbætur – Húsnæðis og mannvirkjastofnun

Húsnæðisbætur eru mánaðarlegar greiðslur sem eru ætlaðar til að aðstoða þá sem leigja íbúðarhúsnæði, hvort sem er í félagslega kerfinu, námsgörðum eða á hinum almenna leigumarkaði og fer Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) með framkvæmd laganna. Ásókn í slíkan stuðning getur verið vísbending um fjárhagsstöðu leigjenda og þar með margra heimila.

Uppbyggingarteymið hafði áhuga á upplýsingum um þróun húsnæðisbóta á árinu 2020 og fengust þær upplýsingar frá HMS að álagning skattfirvalda lægi fyrir og að þau hefðu nú gefið út staðfest lokauppgjör fyrir ríflega 50% viðtakenda húsnæðisbóta og mun vinnsla ljúka á næstu dögum. Ef árin 2019 og 2020 eru borin saman þá sést að greiðslum fjölgaði um 3,6% og heimilum (kennitölum) sem fengu húsnæðisbætur fjölgaði um 5,6%.

Mat á tekjufalli viðtakenda húsnæðisbóta árið 2020

Tekjur þeirra heimila sem fengu húsnæðisbætur á árinu 2020 voru bornar saman við tekjur sömu heimila ef þau þáðu einnig húsnæðisbætur á árinu 2019. Í greiningunni eru 22.675 fullorðnir heimilismenn sem fengu húsnæðisbætur bæði árin 2019 og 2020. **Um 71% þeirra urðu ekki fyrir tekjufalli** og var meðaltals hækkun heildartekna frá 20-29% eftir tekjuhópum. **Um 29% urðu fyrir tekjufalli** og var meðaltals lækkun heildartekna um 8-19% eftir tekjuhópum. Tekjufall getur átt sér aðrar skýringar en vegna COVID 19, s.s. vegna fæðingarorlofs eða náms.

Heildarfjöldi	Ekki tekjufall	Hlutfall	Tekjufall	Hlutfall
22.675	16.210	71%	6.465	29%

Skipting eftir þremur tekjuhópum:

Heildartekjur ársins	Heildarfjöldi	Ekki tekjufall	Meðal breyting	Tekjufall	Meðal breyting
1,8 m.kr. - 4,8 m.kr.	14.838	67%	20%	33%	-19%
4,8 m.kr. - 7,2 m.kr.	6.408	78%	29%	22%	-10%
Hærr en 7,2 m.kr.	1.429	88%	22%	12%	-8%

Sérstakur húsnæðisstuðningur - Sveitarfélög

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur vegna greiðslu á húsaleigu umfram almennar húsnæðisbætur. Stuðningurinn er ætlaður fjölskyldum og einstaklingum sem eru ekki á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Sveitarfélög fara með framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.


Samræmdur spurningalisti var sendur til 33 sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða þann 31. maí sl. þar sem beðið var um upplýsingar um það hvort og þá í hve miklum mæli fjölgun hefði orðið á viðtakendum sérstaks húsnæðisstuðnings hjá sveitarfélögum milli árana 2020 og 2021. Alls bárust svör frá 17 sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum, þar af fimm stærstu.

Svörin voru samhljóma á þá leið að nokkur fjölgun hefði orðið á viðtakendum sérstaks húsnæðisstuðnings þegar borin væru saman árin 2020 og 2021. Almenn er fjölgunin á bilinu 19-30% í nær öllum sveitarfélögum og hjá sveitarfélaginu Árborg fjölgaði viðtakendum sérstaks húsnæðisstuðnings úr 34 í 122 á tímabilinu 1. janúar-1.maí árin 2020 og 2021. Tekið skal fram að skilyrði fyrir sérstökum húsnæðisstuðningi eru ekki eins á milli allra sveitarfélaga.

Þróun atvinnuleysis



Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var almennt atvinnuleysi í maí **9,1%** og hafði það lækkað um 1,3% frá því í apríl. Það er mesta lækkun atvinnuleysis á milli mánaða frá því í febrúar árið 1994. Vinnumálastofnun spáir því að almennt atvinnuleysi minnki áfram í júní og verði á bilinu 7,3% til 7,8%.

Alls voru almennir atvinnuleitendur 17.623 í maí þ.e. 9.390 karlar (53%) og 8.233 konur (47%). Erlendir atvinnuleitendur voru 7.065 í maí þ.e. um 40% af heildarfjölda atvinnuleitenda.



Þróun almenns atvinnuleysis eftir svæðum

Skipting atvinnuleysis í almennt og minnað eftir landsvæðum




Ítarefni 1 - Þróun endurhæfingar og örorku

Samkvæmt tölum Tryggingastofnunar hefur dregið úr nýgengi örorku í öllum aldurshópum en sýnilega mest í yngsta aldurshópnum. Skýringin er að hluta til vegna aukinnar áherslu um að starfsendurhæfing sé fullreynd áður en örorkumat kemur til álita. Á sama tíma er mikil aukning í nýgengni endurhæfingarlífeyrisþega og hefur fjöldinn nær þrefaldast síðastliðin 10 ár. Hafa ber í huga að skilyrðin fyrir slíkum greiðslum eru að viðkomandi sé kominn með endurhæfingaráætlun og læknisvottorð vegna skertrar starfsgetu.

Virk-starfsendurhæfing

Í meðfylgjandi töflu má sjá að aðsókn eftir þjónustu hjá VIRK á árunum 2020-2021 hefur sveiflast frá einum mánuði til annars. Þó að einhverja aukningu megi merkja á fyrstu mánuðum ársins 2021 er talið óvarlegt að áætla þróun yfir allt árið. Spá VIRK gerir ráð fyrir að eftirspurn eftir starfsendurhæfingu muni aukast á næstu mánuðum og byggir spáin á fyrri reynslu af efnahagsþrengingum og auknu atvinnuleysi. Þá er gert ráð fyrir því að einstaklingar sem hafa farið illa út úr COVID-19 veikindum láti iðulega reyna á veikindaleyfi og lækni meðferð fyrst áður en farið er í starfsendurhæfingu.




Eins og fram kemur hér að ofan mun áhrifa COVID-19 ekki gæta fyrr en nokkrum mánuðum eftir að veikindum lýkur. Einstaklingar reyna iðulega veikindaleyfi og lækni meðferðir áður en starfsendurhæfing verður fyrir valinu. Hvað varðar nýgengni í örorku- og endurhæfingarlífeyri þá er starfsendurhæfing fullreynd áður en örorkumat kemur til greina. Þar að leiðandi má draga þá ályktun að áhrif faraldursins COVID-19 verði ekki greinanleg fyrr en að ákveðnum tíma liðnum eða mögulega eftir eitt til tvö ár.

Ítarefni 2 - Staðan hjá umboðsmanni skuldara

Á myndinni hér að neðan má sjá stöðu mála hjá umboðsmanni skuldara þann 1. júní 2021 og samanburð við umsóknir árunna 2019 og 2020.

Um helmingur umsækjenda búa einir á heimili. Næst stærsti hópurinn eru einstæðir foreldrar með börn.



TÖLFRÆÐI UMSÓKNA ÁRSINS 2020 / 2021

